

AUGLÝSING
frá ríkisskattstjóra um reikning fyrninga og vaxta
vegna fjármögnunarleigu fólksbifreiða.

Útreikningur frádráttarbærs hluta leigugreiðslna rekstrarárið 2023 vegna fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 menn, þó að undanskildum leigubifreiðum skv. 4. tölul. 50. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skal vera sem hér segir:

1. Fyrningargrunnur telst vera kaupverð bifreiðar eins og það er ákveðið við kaup leigusala (fjármögnunarleigufyrirtækis) á viðkomandi bifreið að frádregnum áður fengnum fyrningum.
2. Til frádráttar hjá leigutaka á rekstrarárinu 2023 telst 20% fyrning af fyrningargrunni skv. 1. tölul. hér að framan, að viðbættum 8,7% vöxtum reiknuðum hlutfallslega miðað við upphaf eða lok leigutíma á árinu 2023. Vextir reiknast af fyrningargrunni.
3. Fyrning skv. 2. tölul. hér að framan er heimil að fullu rekstrarárið 2023, hvort sem leigutímabilið hefst eða því lýkur á því ári.

Reykjavík, 11. desember 2023.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.